




BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI HORNAFJARÐAR

Skipulags- og matslýsing

24.10.2017



ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Kamma Dögg Gísladóttir	20.10.17	Ásgeir Jónsson	23.10.17	Nafn samþykktaraðila	
	Lýsing					

EFNISYFIRLIT

1	ALMENNT	4
1.1	Skipulags- og matslýsing	4
1.2	Aðdragandi og tilgangur breytingar	4
1.3	Viðfangsefni og markmið	4
1.4	Umhverfi og staðhættir	5
1.5	Helstu stefnur og áætlanir	7
1.5.1	Landsskipulagsstefna	7
1.5.2	Gildandi aðalskipulag	7
2	MATSLÝSING	8
2.1	Matsskylda áætlunarinnar	8
2.2	Tengsl við aðrar áætlanir	8
2.3	Umhverfismatið	9
2.4	Valkostir	9
2.5	Umhverfispættir og áherslur	9
3	SKIPULAGS OG MATSFERLIÐ	10
VIÐAUKI		12

MYNDASKRÁ

MYND 1. Yfirlitskort af lagnaleið (merkt með rauðu)	6
-----------------------------------------------------	---

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1. Umhverfispættir og helstu matsspurningar.	9
----------------------------------------------------	---

1 ALMENNT

Hér er sett fram sameiginleg skipulags- og matslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012- 2030 samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

1.1 Skipulags- og matslýsing

Tilgangurinn með gerð skipulagslýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórnnum og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli. Samkvæmt gr. 4.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal sameina gerð skipulagslýsingar og matslýsingar um umfang og áherslur í umhverfismati aðalskipulagsins sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulags og komandi skipulagsvinnu.

1.2 Aðdragandi og tilgangur breytingar

Sveitarfélagið Hornafjörður er svokallað „kalt svæði“ og er stór hluti húsnæðis eða um 75% tengdur fjarvarmaveitu RARIK sem hituð er með ótryggðu rafmagni og dreift um þéttbýlið. Önnur hús er hituð upp með beinni rafhitun og þegar ótryggt rafmagn hefur ekki verið fyrir hendi þá hefur vatnið verið hitað upp með brennslu olíu. Allt frá 1992 hafa rannsóknir staðið yfir á mögulegri virkjun lághita til hitaveitureksturs. Frá 2012 hefur RARIK í samstarfi við ÍSOR borað eftir heitu vatnið við Hoffell í Hornarfirði með það að markmiði að finna heitt vatn fyrir hitaveitu á Höfn. Fundist hefur nýtanlegur jarðhiti í Hoffelli og áformar RARIK að leggja stofnæð hitaveitu frá Hoffelli í Nesjum að Höfn í Hornarfirði.

Tilgangur breytingarinnar er því að styrkja hitaveitu á Höfn þar sem einungis hluti þéttbýlisins hefur aðgang hitaveitu. Einnig verður hitaveita lögð á bæi sem næst liggja hitaveitulögninni. Með þessum áformum er verið að draga úr rafmagnskyndingu í sveitarfélaginu.

1.3 Viðfangsefni og markmið

Megin markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að staðsetja nýtt iðnaðarsvæði í landi Hoffells þar sem er núverandi virkjunarsvæði RARIK, staðsetja tæplega 20 km langa línu fyrir stofnæð hitaveitu frá núverandi virkjunarsvæði RARIK við Hoffell að Höfn og áætla að þörf sé á 1-2 dæluhúsum á þeirri leið. Endanleg staðsetning dæluhúsa liggur ekki fyrir en gerður verður aðkomuvegur að þeim í samráði við

viðkomandi landeiganda. Að öðru leyti mun ekki vera vegur með lögninni nema ef landeigendur óska eftir að viðhalda þeim vinnuvegum sem þörf er á að gera. Grafinn verður 1-1,2 m djúpur skurður og lögnin þannig falin í jörðu. Þar sem vatnsföll verða þveruð verður skurðdýptin a.m.k. 1,5 m. Lögnin verður foreinangruð stálpípa (DN 250) með heildarþvermál 400mm og verður ljósleiðarastrengur lagður í skurðinn við hlið pípunnar. Gert er ráð fyrir 75 sekúndulíttra vatnsþörf af 70 gráðu heitu vatni fyrir rúmlega 600 heimæðar og þar af 87 í dreifbýli. Fyrirhugað er að innan nýs iðnaðarsvæðis í landi Hoffells verður gert ráð fyrir nýju 200 m² stjórnhúsi á 2 hæðum, varaflostöð og jöfnunartankur.

Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður sett inn lega stofnæðar ásamt dæluhúsum og staðsetning iðnaðarsvæðis á skipulagsupprátt ásamt tillögu að breytingu í greinargerð. Markmið breytingarinnar er að nýta nýtanlegan jarðhita í Hoffelli til að anna húshitunarpörf á Höfn og draga þannig úr rafmagns- og olíukyndingu í sveitarfélaginu.

1.4 Umhverfi og staðhættir

Í Nesjum er grösugt sléttlendi og er það fjalllendi skilur Nesin frá Lóni í austri og í norðri tróna Hoffellsfjöll, Hoffellsjökull og snæhetta Vatnajökuls. Bærinn Hoffell er innarlega í Nesjum, stundum nefnd Innbyggð. Svæðið er sunnan undir felli sem er syðst í Hoffellsfjöllum, fjallgarði sem gengur suður úr Vatnajökli. Umrætt svæði fyrir iðnaðarsvæði er í landi Hoffells og Miðfells, liggur rúmlega 16 km frá mörkum þéttbýlis í Höfn. Iðnaðarsvæðið er að mestu áreyrar eða í hlíðarfæti fellsins, misvel gróið en hallalítið.

Tillaga að legu stofnæðarinnar sést á mynd 1. Ýtarlegra kort má sjá í viðauka. Leiðin liggur frá Hoffellstögl, austur yfir Hoffellsá og þaðan suður að Höfn um ræktað og óræktað land og að stórum hluta meðfram vegum og vegslóðum. Fornleifastofnun Íslands gerði úttekt á fornleifum innan áhrifasvæðis stofnæðarinnar frá Hoffelli í Nesjum að Höfn í Hornafirði snemma vors 2015. Alls voru skráðir 15 minjastaðir innan svæðisins og allir teljast þeir í hættu en fjórir til fimm í stór hættu. Í kjölfarið var lega lagningarinnar hnikað til eftir þörfum og tekið tillit til þeirra minja sem skráðar eru. Náttúrustofnun Íslands kannaði gróðurfar og fuglalíf þar sem fyrirhugað er að leggja stofnæð hitaveitu. Gróðurfar svæðisins einkennist af votlendi, ræktuðu landi og graslendi en einnig áreyrum og sjávarfitjum. Svæðið einkennist af fjölbreyttu fuglalífi sem tengist margbreytileika svæðisins. Veiðimálastofnun kannaði væntanleg áhrif lagningarinnar á lífríki vatnsfalla. Helstu vatnsföll sem verða þveruð eru Hoffellsá, Þveitarlækur, Laxá í Nesjum og Bergá. Fleiri vatnsföll verðar þveruð en um er að ræða smærri læki.



MYND 1. Yfirlitskort af lagnaleið (merkt með rauðu)

1.5 Helstu stefnur og áætlanir

Ekkert deiliskipulag er til fyrir svæðið. Gæta þarf samræmis á milli skipulagsstiga og annarra áætlana. Horft verður til áherslna í eftirfarandi stefnumiðum

1.5.1 Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10 gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim. Eftirfarandi kemur fram í stefnunni og veður horft til þess við aðalskipulagsbreytinguna:

„2.5.1 Orkunýting og raforkuflutningur í skipulagsáætlunum.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvæðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.“

1.5.2 Gildandi aðalskipulag

Breytingin er í samræmi aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030 þar sem það er stefna sveitarfélagsins að halda áfram leit að nýtanlegu heitu vatni fyrir íbúa sveitarfélagsins. Í aðalskipulaginu er áhersla sett á eftirfarandi:

„Breytingar í orkumálum/hitaveita – möguleikar á orkusparnaði og orkuvinnslu í sveitarfélaginu / nýtingu jarðhita. Tekið mið að stefnu í Velferð til framtíðar, stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi eftir atvikum.“

Einnig segir í aðalskipulagi um iðnaðarsvæði:

„Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni. Afmarka þarf iðnaðarsvæði fyrir virkjanir í orkunýtingarflokki og setja skipulagsákvæði til samræmis við verndar- og orkunýtingaráætlun.“

2 MATSLÝSING

Í þessum kafla er greint frá því hvernig staðið verður að umhverfismati breytingarinnar og helstu áherslum matsvinnunnar.

Breytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og er samþykkt af bæjarstjórn Hornafjarðar.

2.1 Matsskylda áætlunarinnar

Breytingin fellur undir lög nr. 105/2005 þar sem skipulagið markar stefnu um framkvæmd sem tilgreindar eru í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 nánar tiltekið í lið:

3.07 „*Löjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni og varmavinnsla úr jarðhitasvæðum sem nemur 2.500 kW hráafli eða meira.*“

3.22 „*Vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira.*“

10.21 „*Lagning áveitu- eða vatnsstokka um langan veg; loftlínur til flutnings raforku á verndarsvæðum; lagning niðurgrafinna strengja/lagna 10 km eða lengri utan þéttbýlis eða óháð vegalengd á verndarsvæðum. Lagning strengja/lagna í vatni/sjó 10 km eða lengri eða óháð vegalengd á verndarsvæðum.*“

Umhverfismat áætlana er unnið samhliða skipulagsgerð með þátttöku skipulagsnefndar. Með því móti nýtist umhverfismatið best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að óskertum eða bættum umhverfisgæðum fyrir þá sem nýta svæðin.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti.

2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfisskýrslu fyrir breytinguna verður gerð grein fyrir tengslum og samræmis við aðrar áætlanir og stefnur í samræmi við lið a. í 6 gr. laga um umhverfismat áætlana. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla. 1.5.

2.3 Umhverfismatið

Matsvinnan fer fram samhliða vinnslu við gerð greinargerðar og uppdráttu til að stuðla að því að umhverfissjónarmið séu ávallt uppi við mótun tillögu að breyttu aðalskipulagi.

Í skipulagsgerð er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti í skipulagsgerðinni. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist því til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum grunnástand umhverfis.

2.4 Valkostir

Einungis er fjallað um breytt skipulag og það borið saman við núllkost, sem er að ekkert verður aðhafst og ekkert aukið heitt vatn verður fyrir hitaveitu á Höfn.

2.5 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatinu verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem sýndir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfismatinu er að finna í töflu 1. Í umhverfismati fyrir breytingarnar verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til stefnuskjala Hornafjarðar ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjölum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og/eða yfirlitstafla.

TAFLA 1. Umhverfisþættir og helstu matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðfræði og jarðmyndanir	Mun breytingin fela í sér áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Náttúruverndarlög nr 60/2013, IV. kafli og V.kafli.
Gróður og dýralíf	Mun breytingin hafa áhrif á gróður og dýralíf – vistsvæði og plöntutegundir? Mun breytingin hafa áhrif á plöntur á vólsta? Mun breytingin hafa áhrif á lífríki vatnsfalla?	Náttúruverndarlög nr 60/2013, kafi V. Úttekt á gróðurfari og fuglalífi – Náttúrustofnun Íslands. Umsögn – Veiðimálastofnun.
Landnotkun	Mun breytingin hafa áhrif á ferðþjónustu á svæðinu? Mun breytingin hafa áhrif á notkun svæða til útivistar? Mun breytingin hafa áhrif á verndarsvæði?	Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030.
Ásýnd og landslag	Mun breytingin hafa áhrif á ásýnd svæða? Mun breytingin hafa sjónræn áhrif? Mun breytingin hafa áhrif á náttúrulegt landslagi?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 69 gr.
Samfélag	Mun breytingin hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? Mun breytingin stuðla að bættum lífsgæðum?	Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030.
Minjar	Mun breytingin hafa áhrifa á friðlýstar fornminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
	Mun breytingin hafa áhrif á friðlýstar náttúruminjar ?	Fornleifaskráning – Fornleifastofnun Íslands.
Náttúruvá og öryggi	Er hætta á náttúruvá þar sem fyrirhuguð er uppbygging? Mun breytingin hafa áhrif á umferðaröryggi?	Saga svæðisins varðandi náttúruvá. Vegalög nr 80/2007.

3 SKIPULAGS OG MATSFERLIÐ

Með kynningu skipulags- og matslýsingar þessari er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breytingarinnar.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vef Hornafjarðar <http://www.hornafjordur.is>. Lýsingin mun liggja frammi á vefsíðu sveitarfélagsins og á skrifstofu þess að Hafnarbraut 27, 780 Höfn.

Á kynningartíma verður almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og sjónarmið um fyrirhugaðar breytingar. Þær skulu vera skriflegar og berast, í samræmi við auglýsingu á skrifstofu Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Höfn, eða á netfangið gunnlaugur@hornafjordur.is.

A. Ferlið

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu, tímaramminn mun vera u.þ.b. frá október til maí 2018.

- Skipulags- og matslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum.
- Tillaga að breyttu aðalskipulagi verður kynnt (sbr.2.mgr. 30 gr. skipulagslaga) með auglýsingu og á heimasíðu sveitarfélags, eftir atvikum á opnu húsi áður en hún verður samþykkt til auglýsingar í skipulagsnefnd/sveitarstjórn.
- Tillaga að breytingu tekin fyrir í bæjarstjórn að undangenginni umræðu í skipulagsnefnd og endanleg tillaga samþykkt til auglýsingar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Skipulagsstofnun hefur allt að 4 vikum til að gera athugasemdir við tillögu að breyttu aðalskipulagi.
- Tillaga auglýst skv. 1. mgr. 31 gr. skipulagslaga. Gefinn er 6 vikna frestur til þess að skila inn skriflegum athugasemdum.
- Tillaga afgreidd í bæjarstjórn að undangenginni umræðu skipulagsnefndar með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og send Skipulagsstofnun skv. skipulagslögum
- Gildistaka aðalskipulagsbreytingu auglýst í B- deild stjórnartíðinda.

B. Umsagnaraðilar

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum við þessa skipulags- og matslýsingu og á öðrum stigum í skipulagsferlinu.

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Veðurstofan
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrustofa Suðausturlands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Orkustofnun
- Fiskistofa

C. Samráðsaðilar innan stjórnsýslu Hornafjarðar

Eftirtaldar nefndir verða beðnar að gefa umsögn um skipulagstillögurnar eftir þörfum:

- Bæjarstjórn
- Umhverfisnefnd
- Skipulagsnefnd



VIÐAUKI



lónaðarsvæði

Hoffell.2
Hoffell.1
Miðfell

Setberg.1
Setberg.2

Krossbær

Lindarbakki
Stóralág

Þveit

Stapi
Miðsker
Bjarnanes.1
Bjarnanes.2
Ás
Brekkuþær

Grund
Austurhóll
Fornustekkar

Mói-Meðalfell.2-

Akurnes

Borgir

Seljavellir

Brekka

Dýhóll

Hólar

Ártún

Hjarðarnes

Dilksnes

Hafnarnes

HÖFN

